

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Heimspeki

Úlfagildra hunda- og kattaeigenda

Siðfræði gælu- og selskapsdýra

Ritgerð til B.A.-prófs

Ingibjörg S. Bergsteinsdóttir

Kt. 240692-2449

Leiðbeinandi: Sigríður Þorgeirsdóttir

Maí 2019

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Inngangur	4
Fyrsti kafli - Hvers vegna ættum við að huga að dýravelferð?	7
Siðfræði gælu- og selskapsdýra	9
Um ræktun selskapsdýra	12
Afdrif ræktaðra dýra og ættleiðingar	18
Annar kafli - Tilfinningaleg tengsl mannfólks við dýr og tegundaremba	22
Mannhverfur hugsunarháttur og áhrif hans	24
„Við og hinir“ - Við erum menningin og dýrin náttúran	27
Gæludýr sem tilfinningaleg akkeri fyrir nútímafólk	29
Lokaorð	32
Heimildir	34

Ágrip

Í þessari ritgerð verður fjallað um dýrasiðfræði og sérstaklega verður einblínt á siðfræðiviðhorf til gæludýra eða selskapsdýra og samlífs þeirra með mannfólki. Í upphafi ritgerðarinnar verður farið yfir almenna umfjöllun heimspekinga á dýravelferð og stuttlega tæpt á helstu fræðimönnum sem fjallað hafa um viðfangsefnið. Grundvallarheimild þeirrar umfjöllunar er *Animal Liberation* eða *Frelsun Dýranna* eftir Peter Singer. Næst verður umræðan þrengd niður í gæludýrasiðfræði í ljósi greinar Matteo Andreozzi „Humans Best Friend? The Ethical Dilemma of Pets“ eða „Bestu vinir mannsins? Siðferðileg klemma gæludýra“. Hér verður einblínt á selskapsdýr og þá sérstaklega hunda. Þessi undirgrein dýrasiðfræði er tiltölulega ný af nálinni og hefur ekki verið áberandi hjá heimspekingum í gegnum árin. Til að skerpa á umfjölluninni verður fjallað um ræktun á selskapsdýrum frá siðfræðilegu sjónarhorni. Hér verður grein C. Palmer „Does Breeding a Bulldog Harm it?“ höfð að leiðarljósi. Tilfinningaleg tengsl manna við dýr er rauður þráður í ritgerðinni og tengsl manna við dýr verða rædd í ljósi tegundarembu og mannhverfra sjónarhorna til gæludýraeignar. Ein ástæða þess að fólk ákveður að fá selskapsdýr á heimilið gæti verið sú að í gegnum aldirnar hafa menn aftengt sig náttúru og viðhorf til líkamlegrar snertingar hafa í nútímasamfélagi verið fyllt af blygðunarkennd. Gæludýr færa menn nær náttúrunni, bæði hinni ytri náttúru en einnig sinni innri náttúru, og fullnægja snertipörf þeirra. Rit sálfræðingsins Tiffany Fields, *Touch*, sýnir fram á mikilvægi líkamlegrar snertingar, en slík samskipti við gæludýr eru talin falleg og eðlileg og hefur sýnilega haft gríðarleg jákvæð heilsufarsleg áhrif á fólk. Því hafa selskapsdýr verið nýtt í meðferðarskyni á ýmsum stofnunum til að bæta heilsu fólks. Hér spilar grein rit Donnu Haraway *The Companion Species Manifesto* stóra rullu til að lýsa samskiptum selskapsdýra og manna nánar. Samskipti mannfólks við dýr eru auglýsilega lituð af mannhverfum hugsunarhætti og greina má mikla hræsni í samlífi þeirra með gæludýrum. Eru gælu- og selskapsdýr einungis tól mannanna til að auðvelda okkur að fullnægja ákveðnum þörfum? Gerum við mannfólkið gæludýrunum nokkurn greiða með því að halda þau?

Inngangur

Í þessari ritgerð um verður fjallað um samband manns og dýra, nánar tiltekið dýra sem hafa lifað samhliða mönnum og veitt þeim félagsskap í gegnum aldirnar, gæludýr eða selskapsdýr. Dýrasiðfræði hefur verið viðfangsefni heimspekinga frá því á síðustu öld en gæludýrasiðfræði, undirgrein dýrasiðfræði, hefur hlotið töluvert minni umfjöllun í gegnum árin. Þær heimildir sem ég notast við sem fjalla sérstaklega um gæludýrasiðfræði eru allar skrifaðar eftir aldamótin 2000, en það er ekki fyrr en á 21. öldinni sem umfjöllun um efnið virðist hafa vakið áhuga meðal siðfræðinga. Þessi ritgerð er afar persónuleg fyrir mig þar sem ég er eigandi tveggja hreinræktaðra Schnauzer hunda, Tuma og Rúfusar. Því mun þessi ritgerð aðallega fjalla um hunda.

Fyrsti kafli ritgerðarinnar fjallar um dýrasiðfræði í almennu samhengi heimspekilegrar siðfræði. Þar mun ég fara stuttlega yfir sögu greinarinnar innan siðfræðinnar og tíunda helstu stef dýrasiðfræði. Rit Peter Singer, *Um frelsun dýranna* eða *Animal Liberation* (1975), er sennilega enn ein mikilvægasta heimild um efnið þar sem Singer lagði á margan hátt grunn að þessari undirgrein. Singer skrifar um almenna dýravelferð og stiklar hann á stóru um margskonar dýr en honum er einkum umhugað um kvöl dýra sem nýtt eru í vísindatilraunum og svo dýra sem eru alin og slátruð til manneldis. Singer veittist einnig að tegundarrembu (e. speciesism) og gagnrýndi mannhverfu og sjálfsmiðun hefðbundinnar siðfræði með að víkka út siðahringinn og taka ómennsk dýr inn í hann. Önnur álitaefni hafa bæst við dýrasiðfræði eins og t.d. áhyggjur af minna landrými villtra dýra, plastmengun í sjónum ofl. Gæludýrasiðfræði er ekki stór partur af riti Singers og því eru kenningar hans einkum n.k. stökkpallur fyrir gæludýrasiðfræði. Næst mun ég fjalla nánar um siðfræði selskapsdýra og þá er grein Matteo Andreozzi „Humans Best Friend? The Ethical Dilemma of Pets“ eða „Bestu vinir mannsins? Siðferðileg klemma gæludýra“ mér innan handar. Einnig er hér vert að minnast á rit Donnu Haraway, *The Companion Species Manifesto* eða *Stefnuyfirlýsing um selskapsdýr*. Haraway talar um

hunda sem „partners in crime of human evolution¹“, eða mikilvæga félaga okkar í þróun mannkynsins en í bók sinni ræðir hún sambandið á milli manna og hunda. Hundar hafa verið partur af lífi manna í aldanna rás og *virðist* þetta samband hafa verið fremur farsælt fyrir báða aðila, sér í lagi ef borið er saman samband manna og annarra dýra. Hundar fá fæði, skjól og jafnvel ást og umhyggju frá mönnum og menn nýta hunda til hinna ýmissu starfa svo sem til að veiða meindýr, sækja bráð, þefa uppi eiturlyf eða að smala fé. Í samtímanum býr stór hluti allra hunda í borgarasamfélagi og þörfin til að nýta hunda til starfa hefur rýrnað mikið á síðustu árum. Hvers vegna er þá til svona mikið af fólki sem ákveður að bæta hundi inn á heimilið sitt? Fjallað verður um ræktun manna á hundum og öðrum selskapsdýrum og mun sú umfjöllun varpa ljósi á siðferði okkar gagnvart ferfættum félögum okkar. Lykilgreinar í þessum parti ritgerðarinnar eru annars vegar „Does Breeding a Bulldog Harm it?“ eða „Skaðar bolabítsræktun bolabíta?“ eftir C. Palmer og „For Dogs Sake Adopt!“ eða „Í hundanna bænum ættleiddu!“ eftir Tina Rulli. Einnig mun ég stuttlega varpa ljósi á hundaræktun á Íslandi en hérlendar fræðiheimildir eru af afar skörnum skammti og því mun ég nýtast við heimildir úr fréttamiðlum.

Svo virðist vera sem návist gæludýra færi mönnum ákveðna ró enda finnst mörgum fátt notalegra en að sitja í hægindastól með gæludýr í kjöltunni, fódra fugla eða fiska í búri eða fara í göngutúr með hund. Gæludýr færa okkur nær náttúrunni, bæði hinna eiginlegu náttúru sem finnst aðallega utan borgarmarkna, en einnig sinni innri náttúru sem maðurinn hefur fjarlæggt sig með aukinni tæknivæðingu og borgaralífsstíl. Með nærveru sinni stemma selskapsdýr stigu við einmanaleika og vöntun manna á snertingu. Einnig veita þessi dýr mönnum öryggi, rútínu og bæta þannig andlega og jafnvel líkamlega heilsu þeirra. Þetta mun vera umfjöllunarefni næsta kafla og þar mun ég nýta mér greinar úr bókinni *Touch* eða *Snerting* eftir sálfræðinginn Tiffany Fields. Einnig mun ég aftur líta til *Frelsunar dýranna* eftir Peter Singer og þá munu skrif hans um mannhverfan hugsunarhátt (e. anthropocentrism) og tegundarembu (e. speciesism) vera til umfjöllunar.

¹ Donna Haraway, *Companion Species Manifesto: Dogs, People and Significant Otherness*, (Chicago: Prickly Paradigm Press, 2003), 5.

Samskipti mannfólks við dýr eru augsýnilega lituð af mannhverfum hugsunarhætti og má hér greina hjá mönnum mikla hræsni í samlífi þeirra með gæludýrum. Hægt er að velta vöngum um það hvort þetta samlífi sé nokkurn tíma ákveðið á forsendum hins ómennska dýrs. Eru gælu- og selskapsdýr einungis tól okkar mannanna til að auðvelda okkur að fullnægja ákveðnum þörfum? Hundar eru gjarnan þjálfaðir til hinna ýmsu starfa en í seinni tíð hefur það snaraukist að þeir séu sérstaklega þjálfaðir til að veita mannfólki félagslegan stuðning. Gerum við mannfólkið gæludýrum nokkurn greiða með því að halda þau?

Fyrsti kafli - Hvers vegna ættum við að huga að dýravelferð?

Með aukinni vitund um skyldleika manna og dýra sem um ábyrgð okkar gagnvart þeim óx dýrasiðfræði fiskur um hrygg á síðustu áratugum. Bók Singers *Um frelsun dýranna* átti einnig þátt í vitundavakningu á þessu sviði og er grundvallarrit innan dýrasiðfræði. Fyrsti kafli bókarinnar ber heitið „All Animals Are Equal“ eða öll dýr eru jöfn. Singer viðurkennir í byrjun kaflans að vissulega sé mikill munur á milli tegunda og að frelsun dýra (e. animal liberation) snúist ekki um að öll dýr eigi að búa við sömu réttindi óháð tegund. Máli sínu til stuðnings ber Singer baráttu dýraverndunarsinna saman við baráttu femínista fyrir kvenfrelsi. Það er réttlætanlegt að konur berjast fyrir frelsi sínu til að fara í fóstureyðingu en það er ekki réttlætanlegt fyrir karlmenn að berjast fyrir því sama, það liggur í augum uppi að karlmönnum er líkamlega ómögulegt að gangast undir slíka aðgerð. Að sama skapi myndi það teljast furðulegt að berjast fyrir réttindum hunds til þess að fá kosningarétt. Því snýst baráttan ekki um að ná sömu réttindum fyrir mismunandi hópa heldur snýst hún um jafnt *tillit* (e. consideration) sem stuðlar að bættum réttindum og velferð hópsins á þeirra eigin forsendum.² Næst kemur Singer að merg málsins; hvers vegna ættum við að huga að velferð ómannlegra dýra? Þrátt fyrir að dýr geti ekki tjáð sig með tungumáli er okkur fullljóst að þau hafa tilfinningar og hafa það sameiginlegt með mönnum að vilja ekki líða þjáningar. Ef lífvera þjáist þá er engin siðferðileg réttlæting á því ef manneskja neitar því að taka það til umræðu.³ Þjáning búfenaðs sem nýttur er í verksmiðjuframleiðslu á matvælum er umræðuefni sem hefur mikið verið rætt síðustu ár og færast sú umræða sífellt í aukana, sérstaklega með lífstílsbreytingum fólks og hvarfi frá kjötneyslu til grænkera-lífstíls og veganisma. Árið 1979 gáfu Bresku samtökin um verndun búfenaðs (Farm Animal Welfare Council) út 5 frelsisviðmið (e. the five freedoms) sem bændum bæri að fara eftir til að gæta að velferð dýranna:⁴

² Peter Singer, *Animal Liberation*, (New York: Random House, 1975), 2.

³ Singer, 8.

⁴ Vefsíða Farm Animal Welfare Council

<https://webarchive.nationalarchives.gov.uk/20121010012427/http://www.fawc.org.uk/freedoms.htm>

1. Frelsi frá hungri og þorsta – dýrin skyldu fá óskert aðgengi að hreinu vatni og mataræði sem viðheldur fullri heilsu og orku þeirra.
2. Frelsi frá óþægindum – með því að sjá dýrunum fyrir viðunandi umhverfi sem veitir þeim skjól og þægilegt hvíldarsvæði.
3. Frelsi frá þjáningu, meiðslum og sjúkdómum – fyrirbyggt með reglulegum heilsufarsskoðunum og meðferðum.
4. Frelsi til að tjá sitt náttúrulega eðli – með því að sjá dýrinu fyrir nægu plássi, viðunandi aðbúnaði og félagsskap annarra dýra af sinni tegund.
5. Frelsi frá ótta og kvölum – með því að sjá fyrir skilyrðum og meðhöndlun sem valda ekki andlegum óþægindum.

Þrátt fyrir að þetta kallist *frelsisviðmið* þá liggur það í augum uppi að dýrin sem um ræðir í þessum viðmiðum myndu ekki teljast *frjáls* eins algengast væri að túlka frelsishugtakið út frá mönnum. Hér er átt við frelsi dýranna í þeim aðstæðum sem þau búa við í fangavist manna. Við nánari skoðun má sjá að þrátt fyrir að þessi fimm viðmið séu hönnuð af dýraverndarsamtökum með búfénað í huga þá eru þau notuð af fjöldanum öllum af dýraverndunarsamtökum, hvort sem um er að ræða búfénað, dýr í dýragörðum eða gæludýr sem búa í athvörfum eða á heimilum fólks. Frelsisviðmiðin fimm eiga þess vegna við um öll þau dýr sem eru í vistun hjá mönnum. Þessi viðmið samsvara vel því sem Singer skrifar í *Frelsun dýranna* um að okkur ber siðferðisleg skylda til þess að minnka eða koma í veg fyrir þjáningu skynjandi vera, en skynhæfni, þ.e hæfni dýranna til að skynja þjáningu er grundvallarlögmál í dýrasiðfræði Singers.⁵ Þetta ætti að svara þeirri spurningu hvers vegna við ættum að huga að dýravelferð. Lengst af var litið svo á að dýr gætu ekki þjást því þau væru mállaus og jafnvel sálarlaus. Í anda nytjastefnunnar sem byggir á þeim mannskilningi að menn sem skynverur forðist vanlíðan og sækist eftir vellíðan heldur Singer því fram að skynhæfni dýra krefji okkur um siðferðilega afstöðu gagnvart þeim. Nytjastefnusjónarmið Singers hafa verið harðlega gagnrýnd af ýmsum heimspekingum. Gary L. Francione skrifar í grein sinni „The Case Against Pets“ eða „Mótrök gegn gæludýraeign“ að hollusta Singers við nytjastefnuna og það hversu fast hann einblínir á frelsun dýra frá þjáningu bitni að endingu á dýravelferð.

⁵ Singer, 8.

Þrátt fyrir að Singer hvetji manneskjur til að neyta matar úr plönturíkinu þá réttlætir hann t. a. m. Það að fá sér stöku sinnum egg frá frjálsum hænum eða kjöt af „hamingjusömum“ grís.⁶ Francione gagnrýnir Singer fyrir að einblína á þjáningu dýra og fjalla þannig einungis um dýravelferð en ekki dýraverndun. Aðstæður þessara dýra eru eingöngu undir mönnum komið og því ætti einnig að huga að rétt dýra til að lifa og rétt þeirra til að vera ekki séð sem eign manna heldur sem persónur.⁷ Þessi gagnrýni á vel við um almenna dýraverndun því það hefur sýnt sig og sannað að manneskjur geta vel lifað án þess að neyta dýraafurða og því ættu dýraverndunarsinnar að hafa hag *allra* dýra fyrir brjósti. Öllu strembnara er að yfirfæra þessa gagnrýni yfir á gæludýraeign fólks þar sem þjáning dýranna er ekki jafn augljós því í eðlilegu og hamingjuríku sambandi gæludýrs og eiganda kemur dýrið til með að deyja á eðlilegan hátt og lifa mun betra lífi en hin almenna búskopna.

Því miður er það vitað mál að ekki hafa allir aðilar sem halda dýr farið eftir frelsisviðmiðunum sem sett voru fram í kjölfar uppgangs dýrasiðfræði en það getur verið af fjölmörgum ástæðum. Tegundaremba er mikilvægt hugtak í þessu samhengi sem fer stórum í *Frelsun dýranna* og mun ég fjalla nánar um þetta í öðrum kafla þessarar ritgerðar. Það sama á við um tilfinningalega aftengingu mannsins við dýr, vanhæfni okkar til að finna til með dýrum, en hún er mikilvægur leiðarvísir í samanburði á almennri dýrasiðfræði og gæludýrasiðfræði. Hér hefur stuttlega verið fjallað um almenna dýrasiðfræði og nú hyggst ég að fjalla nánar um gælu- og selskapsdýr og siðfræði þeirra.

Siðfræði gælu- og selskapsdýra

Hægt er að flokka dýr niður í marga mismunandi hópa, til að mynda eftir tegundum, búsetu eða atferli. Einnig er hægt að flokka dýr eftir því hvernig menn tengjast þeim. Sem dæmi þá er búfénaður nýttur til afurða, mannapar eru nýttir til

⁶ Francione, Gary L, „The Case Against Pets“, birt 8. september 2016, <https://aeon.co/essays/why-keeping-a-pet-is-fundamentally-unethical>

⁷ Francione.

prófunar á lyfjum og snyrtivörum og jafnvel hafa þeir verið reyrdir niður og sendir með geimförum út í geim. Mýs og rottur eru nýttar til ýmissa tilrauna í lífvísindum og margar tegundir villtra dýra eru veiddar mannfólkinu til ætis eða í mörgum tilfellum einungis til afþreyingar. Hlutverk gælu- og selskapsdýra er að veita okkur félagsskap. Gæludýr geta verið af ýmsum toga, en í víðum skilningi eru það dýr sem búa á heimilum manna annað hvort í búrum eða „frjáls“ innan veggja heimilisins. Í grein Matteo Andreozzi, „Besti vinur mannsins? Siðferðileg klemma gælydýra“, eru selskapsdýr flokkuð sem gæludýr sem gegna frekara hlutverki sem félagsskapur fyrir fólkið sitt, dýr sem *virðast* stunda samskipti við menn af fúsum og frjálsum vilja. Hundar og kettir eru dæmi um selskapsdýr en fiskar og fuglar eru dæmi um gæludýr sem falla ekki undir hatt selskapsdýra.⁸ Í þúsundir ára hafa manneskjur lifað í samvistum við dýr af ýmsu tagi. Hvort við höfum almennt (burtséð frá öfgum dýraníðs eða einhliða mannhverfs kjölturakkadekurs) lifað í sátt og samlyndi með þessum förunautum okkar er álitamál. Þess má geta að ein þekktustu og víðtækustu dýraverndunarsamtök heims, PETA (People For The Ethical Treatment of Animals) hafna gæludýraeign. Doris Lin skrifar í grein sinni „Er gæludýraeign siðferðisleg?“ að PETA samtökin hafni gæludýraeign á þeim forsendum að líf gæludýra takmarkist af þörfum og löngunum eigenda sinna sem brjóta gegn frelsi þeirra á margan hátt.⁹ Lin gagnrýnir þó aðgerðir PETA samtakanna að taka gæludýr af eigendum sínum til að lóga þeim. Þau dýr sem eru nú þegar lifandi ættu samkvæmt henni að lifa löngu, hamingjuríku lífi hjá ástríkum fjölskyldum en að sama skapi ætti mannfólk að sporna gegn offjölgun dýra. Þetta er hægt að gera með því að passa vel upp á gæludýrin sín, gelda þau ef hætta er á að þau komist í kynni við aðila af gagnstæðu kyni svo ekki verði slysagot og með því að bjarga dýri úr athvarfi í stað þess að kaupa það. Afstaða Lin kemur til móts við hörðustu dýraverndunarsinna eins og þá í PETA samtökunum og hinna almennu gæludýraeigenda. Hún er þeirrar skoðunar að mannfólk þarf að breyta viðhorfum sínum gagnvart gæludýraeign og áður en það ákveður að taka dýr inn á heimili sitt þurfi það að gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð

⁸ Matteo Andreozzi, “Humans Best Friend? The Ethical Dilemma of Pets”, *Relations Beyond Anthropocentrism*, Mílanó: Tribunale di Milano, Vol. 1, no. 2, (Nóv 2013), 26.

⁹ Lin, Doris, „Is Pet Ownership Ethical?“, vefur *ThoughtCo*, birt 10. september 2018, <https://www.thoughtco.com/arguments-for-and-against-keeping-pets-127752>

sem því fylgir. Sé það ekki viðbúið að gangast við þeirri ábyrgð ætti fólk að gera það sem dýrinu væri fyrir bestu; sleppa því að taka dýr inn á heimili sitt sem það síðar kæmi til með að losa sig við á einn eða annan hátt.

Andreozzi hefur grein sína á því að nefna að gæludýr liggja á siðferðislegum mótum sem dregur fram flókin siðferðisvandamál bæði frá mannlægu (e. human-centered) sjónarhorni og dýrasiðfræðilegu sjónarhorni, en hvorug þessarar sjónarmiða tekst fyllilega á við vandamálið samkvæmt honum. Til að útskýra þessa afstöðu Andreozzi betur þá er það einungis mannfólk sem hefur siðferðislegt gildi, eða eru persónur, samkvæmt mannlægum siðfræðingum. Dýr eru þar af leiðandi ekki markmið í sjálfum sér fyrir þessum siðfræðingum. Samkvæmt dýrasiðfræðingum þá hafa bæði dýr og mannfólk „innri gildi“ og því ber okkur að koma af virðingu fram við dýr, eða sleppa því að vanvirða dýr af tilgangslausu líkt og Andreozzi orðar það.¹⁰ Klemman, eða vandinn sem fylgir þessum tveimur sjónarmiðum er sú að hvorki mannlægu siðfræðingarnir né dýrasiðfræðingarnir færa nægjanleg rök fyrir því hversu (ó)siðferðilegt það er að halda gæludýr. Það er til að mynda einkennilegt að fordæma það að menn haldi húsdýr og gæludýr en samþykkja það að menn skuli eiga selskapsdýr eins og hunda og ketti.¹¹

Annar punktur sem kemur fram í grein Andreozzi er viðleitni okkar gagnvart gæludýraeign. Þrátt fyrir að það komi fyrir að dýr búi á heimilum fólks vegna þess að það sjálft velur það þá atvikast þetta í langflestum tilfellum þannig að manneskja kaupir eða eignast dýr á einhvern hátt. Einnig virðist það vera algengast að menn eignast gæludýr á sínum *eigin* forsendum en ekki á forsendum dýrsins. Við fáum gæludýr á heimilið til að sjá okkar *eigin* persónueinkenni í þeim og til þess að fullnægja okkar *eigin* bældu eða óuppfylltu þörfum.¹² Hér má augsýnilega sjá hversu mannlæg viðmið flestir virðast hafa gagnvart gæludýraeign. Þó skiptir hér sköpum hvernig gæludýrin enda hjá fólki samkvæmt Andreozzi, en það að kaupa hund eða kött býr til aukna eftirspurn á gæludýramarkaðnum en að bjarga dýri sem er til nú þegar er mun siðlegri leið til að bæta nýjum fjölskyldumeðlim á heimilið. Þetta mun

¹⁰ Andreozzi, 24.

¹¹ Andreozzi, 24.

¹² Andreozzi, 28.

ég rannsaka til hlítar í næsta kafla. Hundar og kettir hafa lifað í samvistum við menn frá örófi alda, en það þýðir ekki að þessi dýr hafi misst öll tæk á „náttúru“ sinni. Það hefur sýnt sig að hundar og kettir sem eru aldir upp sem selskapsdýr eru fljótir að finna sína villtu „náttúru“ aftur ef þeir lenda í því að þurfa að spjara sig á eigin spýtur. Þetta gefur til kynna að þrátt fyrir að hafa alist upp á heimili mannfólks þá þurfi þessi dýr ekki á mönnum að halda til að lifa af.¹³ Þetta sjáum við t.d. í því að úthýstir kettir lifa áfram sem villikettir. Ekki er víst að selskapsdýr myndu velja að lifa í samvistum við menn hefðu þau ekki verið þróuð til þess í gegnum aldirnar og því eru þau til staðar einungis til að fullnægja leyndum eða ljósum þörfum mannfólks í nútímasamfélagi.

Um ræktun selskapsdýra

Í langflestum tilfellum búa dýr á heimilum manna vegna þess að fólk þótt tók þá ákvörðun að fá sér gæludýr. Vissulega eru til undantekningar á þessu, en þær eru fágætar.¹⁴ Það eru skiptar skoðanir á því hversu siðferðilega réttmæt kaup og sala á selskapsdýrum eru. Til er gríðarlegt magn af hunda og kattategundum sem ræktaðar eru í stórum stíl um heim allan, en í þessum kafla kem ég til með að einblína á ræktun hunda. Skipulagðar hunda- og kattaræktanir eru mismunandi og ætla ég að flokka þær niður í tvennt: annars vegar stórtækar ræktanir sem framleiða hvolpa og kettlinga í stórum stíl, svokallaðar hvolpa- eða kettlingaverksmiðjur (e. puppy mills) og hins vegar viðurkenndir ræktendur sem rækta selskapsdýr innan veggja síns eigin heimilis (í flestum tilfellum) í mun minni stíl en verksmiðjuframleiðendurnir. Þetta á við um skipulagðar ræktanir á selskapsdýrum en einnig er gríðarlega mikið um „slysagot“ á hundum og köttum sem eru ekki plönuð af eigendum dýranna. Gæludýraeign er talan afar eðlileg í vestrænum samfélögum. Þó gæti eign manna á selskapsdýrum verið talin siðferðislega ámælisverð en margir eru sammála um að það hvernig dýrið kemur á heimili fólks skipti gríðarlegu máli þegar gæludýraeign er rædd. Það að bjarga dýri úr athvarfi myndi til að mynda teljast siðferðislega

¹³ Andreozzi, 30.

¹⁴ Andreozzi, 25.

réttmætara heldur en að kaupa hvolp úr hvolpaframleiðslu.¹⁵ Farið verður í kjölinn á þessu í næsta parti, og mun grein Tinu Rulli „Í hundanna bænum ættleiddu!“ verða í fararbroddi í þeirri umfjöllun. en nú mun ég fjalla sérstaklega um þá tvo flokka hundaræktunar sem ég taldi hér að ofan og vitna í siðferðisleg vandamál sem fylgja hvorri aðferðinni fyrir sig.

Hugum fyrst að hvolpaverksmiðjum, en aðstæður þeirra dýra sem eru svo ólánsöm að vera nýtt í hvolpa (eða kettlinga) verksmiðju eru hræðilegar. Stór hluti þessarra hunda eða katta dúsa í litlum búrum alla sína ævi og tíkur og læður eru látnar gjóta oftast yfir ævi sína en gæti talist heilbriggt. Mörg þessarra dýra koma aldrei til með að snerta gras eða mold. Oftast en ekki fá þessi dýr félagslegum þörfum sínum ekki fullnægt hvort sem það er við aðra einstaklinga af sinni tegund eða við manneskjur og þegar þau eru hætt að geta fjölgað sér er þeim í mörgum tilfellum samstundis lógað.¹⁶ Hér má augsýnilega sjá að hagur dýranna er ekki hafður í fyrirrúmi í verksmiðjuræktun sem þessum heldur eru þau framleidd einungis með gróðasjónarmið að leiðarljósi. Erlendis koma hvolpar og kettlingar sem sjást í gæludýrabúðum oftast en ekki frá ræktunum sem þessum. Vissulega eru líkur á því að hvolpar sem fæðist í ræktunum af þessu tagi endi á góðum og ástríkkum heimilum en það er á ábyrgð kaupenda dýranna að átta sig á þeim aðstæðum sem hvolparnir koma úr. Hérlandis hefur einungis verið til ein fjöldaframleiðsla á hundum, en það er hin alræmda stofnun hundaræktunin Dalsmynni. Þaðan kom gríðarlegur fjöldi hvolpa á ári hverju en í fyrirtækinu starfaði einungis ein kona, Ásta. Hún var gagnrýnd harðlega fyrir aðbúnað hundanna sem ræktaðir voru í illa hirtum útihúsum. Í raun komu fram alvarleg brot á dýravelferð við eftirlit matvælastofnunar á hundaræktuninni í febrúar árið 2018, en þar var fjöldinn allur af hundum sem virtust vannærðir og slasaðir á loppum og tönnum. Einnig virtist ekki hafa verið farið eftir lögum varðandi ormahreinsanir hundanna.¹⁷ Matvælastofnun stöðvaði starfsemi hundaræktunarinnar að Dalsmynni í apríl 2018 vegna slæms

¹⁵ Rulli, Tina, „For Dog’s Sake Adopt!“, *Pets and People: the ethics of our relationship with companion animals*, ritstj. Christine overall, (New York: Oxford University Press, 2017), 183.

¹⁶ Rulli, 179.

¹⁷ „Matvælastofnun birtir sannleikann um Dalsmynni, vefur hundasamfélagsins <https://www.hundasamfelagid.is/matvaelastofnun-birtir-sannleikann-um-dalsmynni/>

aðbúnaðar hundanna og er þar nú starfrækt gistiheimili fyrir ferðamenn.¹⁸ Hundum frá þessari ræktun fylgdu ættbækur frá hundaræktafélaginu Íshundum, en allir hundar með ættbók þaðan komu frá Dalsmynni. Í dag er aðeins eitt virkt hundaræktarfélag á Íslandi og það er Hundaræktarfélag Íslands eða HRFÍ. Nú mun ég fjalla um viðurkennda hundarækt sem fer fram innan vébanda félaga eins og HRFÍ.

Hundarækt fylgir gríðarleg vinna ef ræktandi vill standa vel að verki. Hundasýningar eru stór partur af því að koma sér á kortið sem góður hundaræktandi. Gríðarlega mikið amstur fylgir því að fara með hund á sýningar hjá viðurkenndum hundaræktunarfélögum. Hundurinn þarf að vera vel vaxinn, hlýðinn, snyrtur og baðaður og heilbrigður. Þó virðast vera undantekningar á síðasta atriðinu því að til eru hundategundir sem eru með útlitsviðmið hjá viðurkenndum hundaræktunarfélögum sem hreinlega vinna gegn heilbrigði þeirra. Þetta á við um gríðarlegan fjölda hundategunda, en augljósasta dæmið um þetta eru vafalaust hundategundir með flöt trýni. Bolabítar af hinum ýmsu gerðum eru einvala dæmi um slíkar tegundir. Dæmi um nokkrar tegundir bolabíta eru: Enskur bolabítur, franskur bolabítur og pug. Ef skoðaðar eru myndir af bolabítum frá því fyrir 100 árum og þær bornar saman við bolabíta nútímans má sjá gríðarlegan mun á lögun höfuðkúpu líkamsbyggingu þessarra hundategunda. Í gegnum áratugina fóru sýningarviðmið smátt og smátt að breytast og í seinni tíð þótti það æskilegra og fallegra að bolabítarnir væru með eins flatt trýni og mögulegt væri. Þessi útlitsviðmið hundaræktunarfélaganna vinna stórlega gegn heilbrigði hundanna en því flatara sem trýni hundsins er því líklegra er að hann eigi við gríðarlega heilsufarörðugleika að stríða. Þetta skrifar C. Palmer um hreinræktaða Enska bolabíta í grein sinni „Skaðar bolabítsræktun bolabíta?“:


¹⁸ Dagný Hulda Erlendsdóttir, „Matvælastofnun lokar hundaræktun að Dalsmynni“, vefur Ríkisútvarpsins <http://www.ruv.is/frett/matvaelastofnun-lokar-hundaraektun-ad-dalsmynni>

Þessi bolabítstíki hefur verið ræktuð undan meisturum. Rakkinn og tíkin voru vandlega valin vegna ætternis þeirra. Bolabítstíkin var heilbrigður hvolpur. Samt sem áður er þessi tíki mjög líkleg til að fá mjaðmalos, blöðrur, húðbólgu og kirsuberjaauga, öndunarörðugleika og er afar viðkvæm fyrir of miklum hita. Skyldi hún vera notuð til ræktunar er hún líkleg til að þurfa keisaraskurð, þar sem höfuð hreinræktaðra bolabíta eru of stór fyrir eðlilega fæðingu. Rannsóknir sýna að lífslengd hennar muni vera á bilinu 4,6 til 6,7 ár, að minnsta kosti nokkrum árum skemmri en lífslengd meðal blendingshunds.¹⁹

Hér telur Palmer upp ógrynnin öll af heilsufarsvandamálum sem algeng eru í bolabítum. Þrátt fyrir þetta eru þessar hundategundir viðurkenndar hjá hundaræktarfélagum sem eru með strangar reglugerðir varðandi ræktun á hundum. Í dag eru hinar ýmsu gerðir Bolabíta „tískutegundir“ innan hundaheimsins þrátt fyrir það að stór partur allra ræktaðra Bolabíta nútímans af hinum ýmsu tegundum koma til með að þurfa að gangast undir aðgerð til þess að opna öndunarveg þeirra. Einnig geta fáir bolabítar makast af sjálfsdáðum og því er notast við sæðingar til að rækta undan slíkum tegundum. Blessunarlega hafa sprottið upp hundaræktanir víðsvegar um heiminn sem vinna gagnert að því að rækta sérstakar tegundir bolabíta með lengra trýni og grennri búk. Dæmi um þetta eru ræktanir á „retro pugs“ eða „retro mops“, en þá reyna ræktendur að líkja sem mest eftir pughundum frá því fyrir 100 árum eða svo með því að velja vandlega þá hunda sem nýttir eru til ræktunar. Þessir hundar eru með lengra trýni og grennri búk en „eðlilegt“ þykir hjá hundum af tegundinni Pug. Þetta stórminnkar líkurnar á því að hundarnir komi til með að eiga við öndunarörðugleika eða skerta hreyfigetu og kemur þar af leiðandi til að auka lífsgæði ræktaðra hunda til muna.²⁰

¹⁹ Palmer. C, „Does Breeding a Bulldog Harm it? Breeding, Ethics and Harm to Animals“, *Animal Welfare*, 21(2012), 159. „This bulldog has been bred in a line of champions. The sire and dam were carefully selected for their bloodline. The bulldog was a healthy puppy. However, she has a very high likelihood of developing hip dysplasia, cysts, dermatitis and cherry eye, may suffer respiratory distress and is very vulnerable to heat stress. If used for breeding, she is likely to need a Cesarean section, as the heads of purebred bulldogs may be too big to emerge without surgery. Studies suggest that she will live between 4,6 and 6,7 years, at least several years fewer than an average mixed breed dog.“

²⁰ Vefsíða Bromberg ræktunarinnar í Þýskalandi þar sem ræktaðir eru „retro mops“: <https://www.retromopszucht-vom-bromberg.com/>



Mynd 1 - Til hægri er Pug-hundur í sinni algengustu mynd í dag en til vinstri er "retro Pug" sem er með lengra trýni og grenni búk. Hundurinn til hægri er mun líklegri til að glíma við heilsufarsleg vandamál heldur en hundurinn til vinstri.

Í grein sinni „Skaðar bolabítisræktun bolabíta?“ fjalla Palmer um ýmsan vanda og siðferðileg álitamál sem fylgja hundarækt. Til þess að skerpa á máli sínu dregur Palmer í ljós tvö álitamál; annars vegar vandann um enga samsemd (e. the non-identity problem) og hins vegar vanda hinna fljótfæru móður (e. hasty mother problem). Fyrri vandamálið fjallar um siðferðilega afstöðu til þess einstaklings sem aldrei varð partur af þessum heimi heldur var einungis hugsun eða möguleiki. Til að tengja þetta við ræktun á flatnefjuðum hundum þá er hægt að spyrja sig hvort hundaræktandi sé að skaða hunda með því að rækta þá, vitandi að þeir kæmu til með að vera óheilbrigðir. Samkvæmt vandanum um enga samsemd er það ekki raunin. Þetta er rökstutt þannig að hefði ræktandinn ákveðið að velja að rækta aðra tegund hunds sem er heilbrigðari að eðlisfari þá hefði bolabíturinn aldrei orðið til og þar af leiðandi getur ræktandinn ekki hafa skaðað bolabítinn.²¹ Hér bendir Palmer á að samkvæmt vandanum um enga samsemd þá þarf að huga að því hvort líf einstaklingsins sé þess virði að lifa því. Vissulega er líf heilsuhrausta hundsins betra

²¹ Palmer, 158.

en þess heilsuveila, en þó er líf heilsuveila bolabítsins betri kostur fyrir hann en að hafa aldrei komið undir og fæðst. Þetta svarar titli greinar Palmer samkvæmt vandanum um enga samsemd. Seinna vandamálið fjallar um móður sem glímir við skammvinnan sjúkdóm sem mun hafa áhrif á barnið hennar ákveði hún að ganga með það á meðan sjúkdómurinn er enn til staðar. Ef hún myndi bíða með að geta barnið þar til eftir að sjúkdómurinn hefur riðið yfir myndi barnið ekki fæðast með sjúkdóminn og þar af leiðandi eru lífsgæði þess betra en barnsins sem fæddist með sjúkdóminn. Samkvæmt vanda hinnar fljótfæru móður þá skaðar hún ekki barnið sitt þó hún ákveði að eiga það á meðan hún glímir við sjúkdóminn. Það er vegna þess að um er að ræða tvö mismunandi börn, annars vegar það sem hefði fæðst á meðan hún glímdu við sjúkdóminn og hins vegar barnið sem hefði fæðst hefði hún ákveðið að geta barn eftir að sjúkdómurinn var yfirstaðinn.²² Hægt er að tengja þetta við hundaræktun, en í vanda hinnar fljótfæru móður þá væri hefðbundinn bolabítsræktandi sá sem dansaði á siðferðislínu með því að velja að rækta heilsuveila hundategund í stað þess að rækta hund af tegund sem er líklegri til að vera heilsuhraust. Ræktun á bolabítum hefur verið gagnrýnd fyrir að vera siðferðilega óréttmæt, en samkvæmt Palmer þá þarf að tilgreina það nákvæmlega hvers vegna fólk álítur að svo sé. Ef hugsað er um þetta út frá einstaklingum þá er það vissulega skárra fyrir heilsuveila bolabíta að lifa með sín heilsufarsvandamál heldur en að hafa aldrei fæðst. Þá er hægt að setja ábyrgðina yfir á kaupendur hreinræktaðra hunda og færa rök fyrir því að það sé siðlegra að kaupa hund af heilbrigðri tegund, lífsgæði hans eru meiri en hunds af tegund sem er heilsuveil, og enn réttmætara er að bjarga hundi sem er til nú þegar. Hægt væri að túlka umfjöllun Palmer um bolabítsræktun sem orðhengilshátt því mergur málsins er ekki tengdur einstökum bolabítum heldur við almenna ábyrgð ræktenda og kaupenda hvolpa. Það hefur sýnt sig að með tilkomu bolabítsræktana sem einblína á bætt heilbrigði hundanna að meira val er í boði fyrir hvolpakaupendur á að eignast bolabíta með lengra trýni og grennri búk. Verðandi hundaeigendur gætu jafnvel hugsað enn lengra og valið að styrkja ekki við hundaræktanir með því að kaupa af þeim hvolpa og styðja þannig við eftirspurn eftir dýrum sem framleidd eru í gróðaskyni, heldur velja aðrar leiðir til að bæta

²² Palmer, 158.

nýjum fjölskyldumeðlim á heimilið. Nú verður fjallað meira um afdrif ræktaðra selskapsdýra sem virðast ekki uppfylla kröfur kaupenda sinna.

Afdrif ræktaðra dýra og ættleiðingar

Það gefur auga leið að mikil markaðsöfl búa að baki ræktunum á selskapsdýrum. Hvers vegna velur fólk það að kaupa hvolpa dýrum dómum af hundaræktanda þegar það getur fengið mun ódýrari hund í dýraathvarfi? Sennilega liggur þessi hvati í því að geta valið hundategund sem hentar viðmiðum komandi eiganda. Eigendur sem njóta þess að fara í langar fjallgöngur myndu sennilega vilja stóran og harðgeran hund en eigendur sem glíma við heilsufarsleg vandamál og geta lítið hreyft sig myndu líklegast velja hund með minni hreyfipörf. Nú hef ég fjallað um tvær leiðir til ræktunar hunda en þriðja, og að margra mati siðferðilega réttmætasta leiðin, til að eignast gæludýr er að ættleiða það úr athvarfi. Í grein sinni „For Dog’s Sake Adopt!“ eða „Í hundanna bænum ættleiddu!“ fjallar Tina Rulli um ættleiðingar á hundum og köttum og gríðarlegt siðferðislegt réttmæti þess framyfir aðrar aðferðir til að bæta selskapsdýri við fjölskylduna. Í byrjun greinarinnar ber hún saman ættleiðingar á börnum og ættleiðingar á hundum og köttum. Samkvæmt Rulli þá getur ungviði (hvort sem það er mannlegt eða ekki) hlotið gríðarlegan skaða af því að alast upp á stofnun þar sem ættleiðingar fara fram án þess að eignast að endingu fjölskyldu.²³ Mannleg börn sem enda í þessari stöðu eiga í mikilli hættu að glíma við andlega sjúkdóma og þau upplifa skort á öryggi og ástúð. Það sama á við um afkvæmi hunda og katta nema að auk hinna fyrrnefndu skaðvalda þá endar ógnvænlega há prósentu dýra í athvörfum á því að verða lógað að endingu. Til að skerpa á þessu þá eru 2,7 - 3,7 milljónum dýra úr athvörfum lógað í Bandaríkjunum á ári hverju vegna þess að engin/n fékkst til þess að ættleiða þau.²⁴ Samkvæmt tölum frá PETA samtökunum frá 1998 þá fæddust að meðaltali um 70.000 hvolpar og kettlingar á hverjum degi í Bandaríkjunum á þeim tíma. Einnig kemur fram að um 70% allra keyptra dýra í Bandaríkjunum enda á því að fara í dýraathvarf eða þeim

²³ Rulli, 174.

²⁴ Rulli, 174.

verður lógað.²⁵ Ástæða þess að svona gríðarlegur fjöldi selskapsdýra endar í athvörfum er sá að fjöldi fólks áttar sig ekki á skuldbindingunni sem fylgir því að eiga gæludýr. Á helstu markaðssiðum fyrir gæludýr hérlendis er algengt að sjá hunda í kringum eins árs aldur auglýsta gefins. Þessi tímapunktur í lífi hunds reynist oft erfiður fyrir eigendur hans, en um eins árs aldur eru hundar orðnir táningar. Þeir eru ekki litlu, yndislegu hvolparnir sem eigendurnir keyptu í upphafi. Eins og áður hefur komið fram eru gæludýr til staðar á heimilum fólks vegna hentisemi og á forsendum fólksins og þegar gæludýraeigendur átta sig á því hversu mikil vinna fylgir því að annast um gæludýrið sitt þá er algengt að þeir losa sig við það. Í sumum tilfellum er dýrinu lógað samstundis, í öðrum reyna eigendur þeirra sjálfir að finna því nýtt heimili og í enn öðrum tilfellum enda dýrin í athvarfi. Því mætti vel rökstyðja það að ef manneskja vill eignast hund eða kött þá er það mun siðlegra að ættleiða einstakling úr athvarfi frekar en að kaupa dýr af ræktanda og styðja með því framleiðslu á selskapsdýrum. Þetta er hægt að rökstyðja á sama hátt og hægt er að verja þá skoðun að menn ættu frekar að ættleiða börn heldur en að eignast þau sjálf þó svo að það sé margt ólíkt með því að taka að sér hund eða að ættleiða barn.

Hér væri vel hægt að velta fyrir sér siðsemi, eða öllu heldur siðleysi, þess að mannfólk kaupir og selji lifandi, skynjandi tilfinningaverur yfirhöfuð. Markaðsvettvangurinn á gæludýramarkaðnum er feiknarstór og veltir gífurlegum fjárhæðum á ári hverju. Það gefur auga leið að þessi markaður þrífst með mannmiðuð sjónarmið að leiðarljósi og þrátt fyrir að gælu- og selskapsdýr hafi það að jafnaði betra en búsköpunur eða dýr nýtt í rannsóknir þá sýna þær tölur sem Rulli og Andreozzi nota í greinum sínum fram á að gríðarlegur fjöldi gæludýra er lógað árlega vegna skeytingarleysis eða vanhugsunar eigenda þeirra. Í sögu mannkysins hefur sala og kaup á dýrum, hvort sem um ræðir gæludýr eða önnur dýr, ekki einskorðast við ómennsk dýr. Við þurfum ekki að líta langt aftur í aldir til að minnast þrælahaalds á fólki frá Afríkulöndum í Bandaríkjunum. Þrælahaald, mansal eða slæm meðferð verkafólks fyrirfinnst jafnvel enn í dag á ákveðnum stöðum, en þetta er alla jafna litið hornauga. Viðskiptin og peningarnir sem fylgja hundarækt

²⁵ Andreozzi, 27.

styður við þá kenningu Gary L. Francione að mannfólk lítur fremur á gælu- og selskapsdýr sem hluti frekar en sem persónur.²⁶ Hér er átt við að gæludýraeigendur sjá dýrið sitt sem eign sína og þar af leiðandi ekki sem hugsandi, skynjandi veru með tilfinningar og langanir. Francione líkir gæludýraeign mannfólks við þrælահald í grein sinni „Mótrök gegn gæludýrahaldi“. Réttindi dýra til að vera ekki séð sem eign mannfólks er rauður þráður í grein hans, en til þess að réttlæta (hvers lags) þrælահald þá verður þrælահaldarinn að álíta þræla sína minni persónur en sig sjálfan/n. Raunar skrifar Francione að ekki sé komið fram við gæludýr eins og persónur og þar af leiðandi skerum við á allar okkar siðferðislegu skyldur gagnvart þeim.²⁷ Svo virðist sem Francione sé með þessu viðhorfi að hafna gæludýraeign alfarið, en svo er ekki. Grein hans hefst á setningunni „við búum með sex hundum sem við björguðum úr dýraathvarfi“.²⁸ Hann heldur svo áfram og skrifar að þrátt fyrir að þessir hundar séu elskaðir og dáðir af heimilisfólkinu þá séu þau samt sem áður þeirrar skoðunar að þeir hefðu aldrei átt að fæðast. Þau sjái þessa sex hunda á heimili sínu sem ómennska flóttamenn (e. refugees) sem deila með þeim þaki. Hér styður Francione þá skoðun mína að kaup og sala á hundum og öðrum dýrum sé verulega siðferðislega ámælisverð og er ekki gerð af neinum greiða við dýrin heldur fremur við kaupendur þeirra. Þetta er einvala dæmi um mannhverfu sjónarmiðin sem viðgangast gagnvart gæludýrum.

Með auknum siðferðilegum þroska manna í gegnum tíðina hefur slæm meðferð á fólki og mismunun eftir kynþáttum, kyni og þjóðerni minnkað þó það fyrirfinnist enn. Peter Singer lagði grunninn að breyttri viðleitni fólks gagnvart öðrum tegundum en sinni eigin með riti sínu *Frelsun dýranna*. Þó að rit Singer fjalli að mestu um kvöl dýra sem nýtt eru í kjöt- og afurðaframleiðslu annars vegar og vísindatilraunir hins vegar þá leggur það vissulega grunn að verndum allra dýra og aukinni tengingu manna við þau. Nytjahyggjusjónarmið líkt og þau sem Singer hefur eru vissulega umdeild meðal siðfræðinga, enda ámælisvert að berjast gegn þjáningu *flestra* en ekki allra. Haraway skrifar í bók sinni *Stefnuyfirlýsing um*

²⁶ Francione.

²⁷ Francione.

²⁸ Francione.

selskapsdýr að dýrin hafi fylgt mönnum í allri sinni þróun²⁹. Líkt og viðhorf hafa breyst til þrælahalds og mannréttinda þá eru menn farnir að sjá samlífi sitt við gæludýr í nýju ljósi og aukin velferð þeirra er jafnan höfð í huga. Þó er vissulega enn margt sem mætti breyta og bæta í þeim efnum líkt og á mörgum öðrum sviðum mannréttinda og dýraverndunar.

²⁹ Haraway, 5.

Annar kafli - Tilfinningaleg tengsl mannfólks við dýr og tegundaremba

Samkvæmt flestum heimspekingum er það lykilatriði sem greinir mannfólk frá öðrum dýrum hæfni okkar til að læra og þróa tungumál til að tjá tilfinningar okkar og skoðanir. Þetta er áhugaverður punktur og vissulega gerir þetta okkur erfitt fyrir í samskiptum við ómennsk dýr. Hægt er að gera ályktanir um líðan málleysingja út frá líkamstjáningu og háttarlagi þeirra hverju sinni, en reginmunurinn á tjáningu manna og dýra felst samkvæmt heimspekingnum Donald Davidson í því að ólíkt mönnum þá geta dýr ekki haft hugtakið skoðun (e. concept of a belief).³⁰ Davidson skýrir þetta með hugsunardæmi um hund sem horfir upp í eikartré og geltir. Köttur hleypur frá hundi og í átt að eikartréi en hann tekur beygju framhjá því og hleypur upp í hlyn sem er við hlið eikarinnar. Þetta sér hundurinn ekki, honum sýnist kötturinn hafa klifrað upp í eikartréd og stendur því þar fyrir neðan, horfir upp í tréd og geltir. Samkvæmt Davidson þá getur hundurinn haft þá skoðun að kötturinn sé uppi í eikinni en hann getur ekki með nokkru móti lýst þessari atburðarrás fyrir öðrum vegna skorts á tungumálakunnáttu. Davidson vill meina að ólíkt mönnum þá hafa hundar ekki yrðingarafstöðu (e. propositional attitude) og geta því ekki sýnt fram á að þeir hafi nokkra kunnáttu um hugtakið skoðun.³¹ Með þessu vill Davidson meina að hann hafi sýnt fram á að dýr, lítil börn og andlega fatlað fólk hafi ekki getuna til þess að hugsa. Þetta er áhugaverður punktur og ef þetta væri almenningsálit þá gæti þetta verið partur af ástæðunni fyrir því að mannfólk á það til að aftengja sig tilfinningalega við dýr. Þrátt fyrir að ég sem manneskja eigi ákveðin samskipti við hundana mína þá eru samskipti okkar heft vegna skilningsleysis í garð hvors annars. Ég geri mér grein fyrir því að hundarnir mínir eru glaðir þegar þeir dilla skottinu og flaðra upp um mig þegar ég kem heim á daginn og einnig átta ég mig á því að þeir eru svangir þegar þeir krafsa í hurðina á búrinu þar sem maturinn þeirra er geymdur. Einnig geri ég mér grein fyrir því þegar þeir eru veikir en þeir gætu aldrei sagt mér nákvæmlega hvað amar að þeim. Í grein Antonio Calcagno „Myndun þýðingarmikils félagslegs heims milli mannfólks og

³⁰ David Donaldson, „Rational Animals“, *Dialectica*, (Berkeley: Wiley, 1982), 325.

³¹ Davidson, 321.

selskapsdýra í gegnum samkennd“ er fjallað um samkennd (e. empathy) sem lykilhugtak í samlífi mannfólks og selskapsdýra. Þrátt fyrir að hundar búi ekki yfir getunni til að tjá sig með tungumáli þá hafa bæði menn og selskapsdýr lært að „skilja“ hvort annað í gegnum líkamstjáningu, hljóð og orð. Þetta má t. a. m sjá í leik á milli manneskju og hunds þar sem báðir aðilar *virðast* skemmta sér og njóta samveru hvors annars.³² Þrátt fyrir þær hömlur í samskiptum sem skortur á tungumálahæfni hunda minna veldur þá veit ég sem manneskja að þeir hafa tilfinningar. Líkt og Singer bendir á í *Frelsun dýranna* þá eigum við, dýrin og mennirnir, það sameiginlega markmið að vilja ekki finna fyrir sársauka eða vanrækslu.³³ Þetta er vissulega nytjahyggjusjónarmið sem, eins og áður hefur komið fram, hefur verið gagnrýnt harðlega en í þessum sérstöku tengslum sem greina má milli manna og selskapsdýra þá ætti þetta að vera grundvallaratriði í sambandinu. Sem hundaeigandi ætti það því að vera siðferðisleg ábyrgð mín að gæta þess að hundarnir mínir þjáist ekki af neinu tagi. Í þessu samhengi er hægt að líta aftur til þeirra fimm frelsisviðmiða sem dýraverndunarsamtök hafa í forgrunni í starfi sínu.

Það er óhætt að segja að gæludýr eiga sér sérstakan stall á metorðastiga mannfólksins, sér í lagi ef staða þeirra borin saman við aðrar dýrategundir. Vissulega má gera ráð fyrir að flest gælu- og selskapsdýr hafa það að miklu leyti betra en búskæpnur sem lifa einungis til að mannfólk geti nýtt sér þau á einn eða annan hátt eða skordýr sem drepin eru með eitri í milljarðatali til að verja akra og garða fólks. „Að vera gæludýr virðist fyrir mér vera afar krefjandi starf fyrir hund og það þarfnast mikillar sjálfsstjórnar ásamt tilfinningalegri og vitsmunalegri færni líkt og hjá vinnuhundum“ skrifar Donna Haraway í bók sinni *Stefnuyfirlýsing um selskapsdýr*.³⁴ Hér vill Haraway meina að þrátt fyrir að við fyrstu sýn virðist gæludýr ekki hafa hlutverk þá gegna þau í raun afar mikilvægum störfum sem andlegur stuðningur fyrir eigendur sína og þurfi að leggja mikið á sig til að uppfylla þær kröfur. Í umfjöllun sinni um tegundarembu í riti sínu *Frelsun dýranna* talar Singer um

³² Calcagno, Antonio, „Building a Meaningful Social World Between Human and Companion Animals Through Empathy“, *Pets and People: The Ethics of our Relationship with Companion Animals*. Ritstj. Overall, Christine, New York: Oxford University Press, 2017, 45.

³³ Singer, 8.

³⁴ Haraway, 39.

þann tvískinnung sem felst í uppeldi barna með viðhorf til dýra að sjónarmiði. Börnum er kennt að borða kjöt en á sama tíma er það haft fyrir þeim að bera virðingu fyrir hundum og köttum. Þeim eru gefnir mjúkir bangsar í formi dýra, þó ekki hvers lags dýra heldur aðallega í gervi algengustu gæludýra, og þeim er kennt að sýna þeim kærleik. Þarna eru börnum kennd ákveðin tilfinningaleg aftenging til sumra dýrategunda en þau eru tengd sterkum tilfinningaböndum í garð annarra tegunda, nánar tiltekið selskapsdýra.³⁵ Vissulega er vert að geta þess að *Frelsun dýranna* kom út árið 1975 en þó er enn hægt, upp að vissu marki, að verja þessar ályktanir Singer. Í seinni tíð gæti þessi aftenging meðal annars falist í því að samskipti einstaklinga sem lifa alla tíð í borgarumhverfi við dýr eru af afar skornum skammti. Því mætti gera ráð fyrir að margir sjái dýr ekki sem vitsmunaverur eða jafnvel ekki sem tilfinningaverur. Sökum tvískinnungsins í barnauppeldinu í dæmi Singers þá er þó gerður greinarmunur á dýrum milli tegunda. Ást okkar á selskapsdýrum en slæm meðferð á búdýrum er því skýrt dæmi um tegundarembu. Mannhverfur hugsunarháttur gæti í sjálfum sér talist form af tegundarrembu. Nú verður fjallað nánar um þetta.

Mannhverfur hugsunarháttur og áhrif hans

Eins og áður hefur komið fram er sambúð manna og dýra nánast undantekningalaust ákveðin af mönnunum. Sambönd af þessu tagi eru jafn mismunandi og þau eru mörg en líf gæludýrsins er í öllum tilfellum gjörsamlega undir manneskjunni komið. Gary L. Francione skrifar í grein sinni „Mótrök gegn gæludýraeign“ að þrátt fyrir að gæludýr séu álitin persónur þá eru þau og önnur húsvanin dýr ávallt eign manna og þar af leiðandi þrælar þeirra. Þetta er óháð því hvort gæludýrin búi á ástríku heimilum eða séu keypt af eiganda sem losar sig við þau um leið og þau fullorðnast. Francione skrifar í grein sinni að góðviljaður þrælahaldari sé samt sem áður þrælahaldari.³⁶ Þetta Kantíska viðmót til gæludýrahalds sem Francione hefur byggir á rétt dýra til að vera persónur og til að

³⁵ Singer, 214.

³⁶ Francione.

vera ekki séðar sem eign mannfólks (og þar af leiðandi þrælar þeirra). Vegna aftengingar manna við náttúruna, bæði hina ytri og sína innri náttúru, hafa viðhorf til dýra orðið afskræmd og í vissum skilningi hefur verið rofið á tilfinningalega tengingu gagnvart þeim. Að öðru leyti eru dýrin akkúrat nýtt til þess að tengja menn betur við náttúruna og bæta sína eigin tilfinningalegu stöðu. Þarna má greina hræsni og sundurleitni í viðmóti manna gagnvart dýrum.

Tina Rulli vill meina að oft á tíðum fær fólk sér hund eða kött til að sýna einhverskonar staðalímynd eða ríkidæmi. Í slíkum tilfellum virðist fólk fremur koma fram við selskapsdýrið sitt sem hlut frekar heldur en lifandi persónu með tilfinningar og þarfir³⁷. Hver kannast ekki við að hafa séð stórstjörnur með lítinn, sætan Chihuahua hund með demantshálsól í veskinu eða rappara með stóran og vígalegan Rottweiler hund í keðju. Þetta er að mati Rulli helsta ástæða þess að fólk ákveður að kaupa hreinræktaða hunda af ákveðinni tegund í stað þess að ættleiða hund úr athvarfi. Fólk sækist eftir einhverju ákveðnu útlits- eða hegðunareinkenni í hundinum sínum og vill því eignast ákveðna tegund. Donna Haraway skrifar um manngervingu (e. anthropomorphism) manna á gæludýrunum sínum sem birtist í því að fólk álíti hundana sína sem loðnar mannskepnu í dýrslíkama og vegi virði þeirra á vogum mannhverfs hugsunarháttar.³⁸ Hér er hægt að líta aftur til Singer og umfjöllunar hans í byrjun *Frelsun dýranna* um mikilvægi þess að meta réttindi dýra út frá ólíkindum þeirra við mannfólk frekar heldur en að hugsað sé um þau sem manneskjur og að báðir aðilar eigi þ.a.l. að hafa nákvæmlega sömu réttindi. Mönnum ber að leyfa gæludýrunum sínum að halda í sína eigin „náttúru“ þrátt fyrir að þau búi í mannlegu umhverfi. Fólk getur klætt selskapsdýrin sína í föt og búninga og jafnvel gefið þeim húsgögn í þeirra stærð en þetta er að öllum líkindum fremur gert af greiða við eigendurna heldur en hundana sjálfa. Vissulega eru til hundategundir hér á Íslandi, eyju á nyrsta hjara veralda, sem koma upprunalega frá mun heitari löndum og eru jafnvel hárlausar. Fyrir slíka hunda er það öllu betra að vera klædd í föt þegar farið er með þá út að vetri til. Það breytir því ekki hundar af

³⁷ Rulli, 182.

³⁸ Haraway, 52.

tegund sem þessari, eða að minnsta kosti forverar þeirra, hafa verið fjarlægðir frá sínu náttúrulega umhverfi og fengu engu um það ráðið.



Mynd 2 - Hér eru tveir hundar af tegundinni Stóri Dan. Vinstri hundurinn er með náttúruleg eyru en eyru hundsins til hægri hafa verið klippt og stífð til að fá þau upprétt

heldur þvert á móti geta aðgerðir sem þessar valdið miklum sársauka og varnarleysi hjá þeim sem gangast undir þær. Slíkar aðgerðir hafa verið framkvæmdar í gríðarlega langan tíma, en í greininni „Cruelty and Dog Fashions“ eða „Grimmd og hundatíska“ úr Breska læknatímaritinu frá árinu 1896 er ritað að aðgerðir sem þessar tíðkuðust á 19. öld.³⁹ Í þessu stutta en hnitmiðaða erindi er ekki farið fögrum orðum um eyrna- og skottstífingar á hundum. Lítaaðgerðir sem þessar eru að jafnaði framkvæmdar á hundum sem fæðast með lafandi eyru en hundar með slíka eyrnagerð eru líklegri til þess að fá eyrnabólgur. Þó er fullyrt í greininni að það sé ekki ástæða þess að þessar aðgerðir séu framkvæmdar heldur sé þetta einungis gert til að breyta útliti hundsins. Einnig séu þessar aðgerðir ekki framkvæmdar á hvaða hundategund sem er heldur séu það helst hundar af tegundinni Stóri dan eða Bull Terrier sem eru látnir gangast undir aðgerðir sem þessar en ekki loðnir og blíðir hundar af veiðihundategundum. Eyrna- og skottstífingar á hvolpum geta haft í för

Ekki er óalgengt að hundar séu látnir gangast undir alls kyns aðgerðir til að hægt sé að ná fram einhverjum útlits- eða hegðunareiginleikum. Augljósasta dæmið um þetta eru ófrjósemisaðgerðir gæludýra, en sú aðgerð hefur þótt afar eðlileg meðal hunda- og kattaeygenda í áraradír. Annars konar aðgerðir sem hundaeigendur framkvæma eru t.d stífingar á eyrum og skotti af útlitsástæðum og taka raddbanda til að

hundurinn geti ekki gelt. Þessar aðgerðir eru ekki gerðar af greiða við gæludýrin

³⁹ „Cruelty and Dog Fashions“, *The British Medical Journal*, Vol. 1, nr. 1832, 1896: 356.

með sér sýkingarhættu og valda hundum miklum sársauka.⁴⁰ Lítaaðgerðir sem þessar láta stóra og vöðvastælda hunda fá vígalegri ásýnd og gæti útlit þeirra því samsvarað betur ímynd eiganda sem vill vera ógnvekjandi. Þessi mismunun á milli tegunda hunda eftir útliti myndi ég umsvifalaust flokka sem ákveðna gerð af tegundarrembu. Mikið varnarleysi getur skapast hjá hundum sem hafa verið látnir gangast undir lítaaðgerðir á eyrum og/eða skotti, en líkamstjáning er mikilvæg fyrir þá, sérstaklega notkun skottsins. Því vil ég meina að eyrna- og skottstífinger og taka raddbanda (sem er mun óalgengari aðgerð en þekkist þó) sé beinlínis brot á réttindum dýrsins til að sýna sitt náttúrulega eðli.

Lítaaðgerðir sem þessar eru einungis ein birtingarmynd mannhverfs hugsunarháttar og tegundarembu tengd gæludýraeign fólks. Vissulega má sjá marga aðra fleti á þessu tiltekna efni og hef ég fjallað um nokkra þeirra nú þegar. Lítaaðgerðir á hundum einungis af útlitsástæðum þykir mér vera einvala dæmi um það hversu öfgakenndur mannhverfi hugsunarhátturinn getur orðið í garð dýra af öllum sortum. Til eru hundaeigendur og ræktendur sem styðja lítaaðgerðir sem þessar blint og virðast ekki telja þær vera óeðlilegar eða brjóta gegn dýrinu á nokkurn hátt. Blessunarlega eru allar aðgerðir sem þessar ólöglegar héraendis og í mörgum öðrum löndum.

„Við og hinir“ – Við erum menningin og dýrin náttúran

Stofn orðsins „menning“ kemur af orðinu „maður“. Mennig er háfleyg, margslungin og lýsir líferni manna og mannlegra samfélaga. Náttúran er villt, óspillt afl sem hefur reynst mönnunum erfitt að temja. Hægt væri að segja að menning og náttúra séu andstæð hugtök og að menn hafi með aukinni tæknivæðingu og borgarmenningu fjarlægst sig náttúrunni eftir því sem öldunum líður. Dýr eru alla jafna tengd sterkum böndum við náttúruna og þetta á jafnt við um gæludýr eins og önnur dýr. Þrátt fyrir að gælu- og selskapsdýr hafi verið mikilvægir förunautar okkar í þróun mannkynsins og þess vegna stór partur af menningu manna þá eru

⁴⁰ „Cruelty and Dog Fashions“, 357.

þeir á sama tíma leið manna til að færa okkur nær náttúrunni. Samband mannfólks við selskapsdýr er sérstakt og margslungið. Femíníski heimspekingurinn Donna Haraway talar oft og mikið um „Significant Otherness⁴¹“ í riti sínu *Stefnuyfirlýsing um selskapsdýr*:

... Svör við þessum spurningum geta einungis verið sett saman af athöfnum sem verða til; þ.e. í varnarlausri, jarðbundinni vinnu sem fléttar saman ósamstillta aðila og lifnaðarhætti sem eru ábyrgir bæði gagnvart ólíkum sögum úr fortíð gagnvart nánast óhugsandi en algerlega nauðsynlegri sameiginlegri framtíð. Það er það sem þýðingarmikill annarleiki merkir í mínum huga.⁴²

Hér mætti segja að Haraway setji þann mun sem finna má á milli manna og dýra á stall. Þrátt fyrir að hundar, kettir og önnur dýr séu ólík manneskjum í útliti og atgervi þá er samband þessara ólíku lífvera samkvæmt Haraway svo samtengt að fyrir henni er samlíf þeirra gjörsamlega nauðsynlegt fyrir báða aðila. Líkt og kom fram hér í byrjun hugsar hún um selskapsdýr sem mikilvæga förunauta mannkyns í þróun sinni og sú skoðun samræmist vel hugleiðingum hennar um „significant otherness“. Jákvæð skrif Haraway um ólíkindi milli mismunandi hópa eru ekki einsdæmi en annar femínískur heimspekingur, Luce Irigaray, hefur einnig fjallað þó nokkuð um málefnið. Grein hennar *Love of Same, Love of Other* fjallar einnig um þennan „hinsleika“. Ég ætla ekki að fara nánar út í hugleiðingar um það hvort kynin séu tvö eða fleiri, eða hvort um sé að ræða kyngervi eða einungis hinn líkamlega mismun sem finnst á milli þessarra tveggja kynja. Í grein sinni skrifar Irigaray að hugtakið „hinir“ feli í sér ást á „sjálfinu“ og hatur gagnvart „hinu“.⁴³ Til að setja þetta í samhengi við dýrasiðfræði þá erum við mennirnir en dýrin eru hin. Aftenging manna við náttúruna hefur orsakað mikil skil á milli þeirra og dýra, jafnvel gæludýranna sem búa á þeirra eigin heimili. Þrátt fyrir mun mannfólks og dýra og eigin aftengingu við náttúruna þá ættum við að bera virðingu fyrir þeim og

⁴¹ Ekki er til íslensk þýðing fyrir þetta hugtak og þykir höfundu það of illþýðanlegt til að reyna við það sjálf

⁴² Haraway, 7 „... Answers to these questions can only be put together in emergent practices; i.e., in vulnerable, on-the-ground work that cobbles together non-harmonious agencies and ways of living that are accountable both to their disparate inherited histories and to their barely possible but absolutely necessary joint futures. For me, that is what *significant otherness* signifies.“

⁴³ Irigaray, Luce, „Love of Same, Love of Other, *An Ethics on Sexual Difference*, (New York: Cornell University Press, 1993), 112.

leyfa þeim að njóta náttúru sinnar. Í þessu samhengi er hægt að líta aftur til Peter Singer sem líkir réttindabaráttu kvenna við baráttu dýrasiðfræðinga fyrir réttindum dýra. Hér væri hægt að flokka dýr sem einn af mörgum minnihlutahópum í almennri réttindabaráttu sem menn hafa háð í gegnum árin. Það mætti segja að siðferðis- og réttlætissjóndeildarhringur manna fari víkkandi með tímanum og í dag nær hann ekki einungis yfir mennsk dýr heldur einnig ómennsk dýr og innan umhverfissiðfræði er enn fremur að finna kenningar sem krefjast þess að plöntur og fyrirbæri í landslagi og náttúrulegu umhverfi mannsins fái siðferðilega stöðu. Öll þessi þróun ber okkur að sama brunni: Við erum farin að gera okkur skýrari grein fyrir því að líf manna og dýra og líf okkar og annarra lífvera er mun tengdara en við höfum löngum haldið.

Gæludýr sem tilfinningaleg akkeri fyrir nútímafólk

Orðið „gæludýr“ felur bókstaflega í sér snertingu, en þetta á við í fleiri tungumálum en Íslensku. Á Ensku er orðið „pet“ bæði notað yfir gæludýr og sögnina að strjúka⁴⁴ og á Dönsku eru gæludýr „kæledyr“, en orðið kæle þýðir að kúra. Það er engin tilviljun að þessi orð hafa komið til í málþróun svona margra tungumála því að líkamleg tenging manna við gæludýrin sín er oft gríðarlega mikil. Flestir hundaeigendur kannast við það að koma heim eftir langan vinnudag og fá ærslafullar og glaðbeittar móttökur frá ferfættum félagu sínum. Snerting milli manns og gæludýrs er lögleg, að jafnaði álitin falleg og í flestum tilfellum saklaus og laus við alla blygðunarsemi. Selskapsdýr í góðu atlæti sýna eigendum sínum skilyrðislausu ást og að neita okkur, og gæludýrunum okkar, um þetta samband er óhugsandi fyrir suma.⁴⁵ Hver kannast ekki við að köttur lygnir aftur augunum og malar af vellíðan þegar honum er klappað eða að hundur strjúki sér upp að eiganda sínum og *biður um* klapp og klór. Þetta er dæmi um snertingu sem báðir aðilar *virðast* hafa ánægju af og í góðu sambandi manns og selskapsdýrs ættu báðir aðilar að sækja jafnt í hvorn annan. Kostir sambanda sem þessa eru ótvíræðir fyrir okkur

⁴⁴ Í Bretlandi er orðið pet einnig notað sem blíðyrði yfir konur og börn.

⁴⁵ Lin.

mannfólkið. Rannsóknir sýna að samlífi eigenda og gæludýra hefur bæði jákvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu manna. Um þetta fjallar sálfræðingurinn Tiffany Fields í bók sinni *Touch* eða *Snerting*. Bókin er byggð á rannsóknum úr þverfaglegu snertirannsóknastofnuninni sem Fields stofnaði ásamt fleir aðilum úr sálfræði og læknisgeiranum. Formáli bókarinnar endar á þeirri staðhæfingu að snerting sé jafn mikilvæg mönnum og gott mataræði og regluleg hreyfing.⁴⁶ Aðallega fjallar bókin um snertirannsóknir á fyrirburum og eldra fólki en ef hún er lesin gaumgæfilega má sjá að oft er fjallað um kosti gæludýrahalds fyrir fólk sem skortir fullnægingu á snertipörf. Snertirannsóknir Fields hafa sýnt fram á að eldri borgarar sem hafa selskapsdýr í sinni umsjá eða umgangast þau reglulega séu ólíklegri til að glíma við hjartasjúkdóma og að gæludýrahaldið auki lífslengd þeirra.⁴⁷ Vegna þessara gífurlegu kosta samlífis manna og selskapsdýra þá hefur það færst mikið í aukana að hundar séu þjálfaðir sérstaklega sem nokkurs konar „meðferðarhundar“. Oft eru þetta hundar eða kettir sem á að lóga á dýraspítulum eða sem hafa verið lengi í dýraathvörfum. Þessi dýr fá nýtt starf sem andlegur og líkamlegur stuðningur inni á stofnunum eins og elliheimilum, spítulum, barnaheimilum og á geðsjúkrahúsum fyrir börn.⁴⁸ Vissulega er þetta allt gert með mannhverf sjónarmið í forgrunni en þó má færa rök fyrir því að það komi sér vissulega betur fyrir dýrin að verða stuðningur fyrir veikt fólk heldur en að verða lógað.

Snerting er vissulega stór partur af sambandi manns og gæludýrs en samskipti þeirra einskorðast ekki við það líkamlega. Ég sem eigandi tveggja hunda þekki þetta á eigin skinni. Þrátt fyrir vöntun á tungumálaskilnings hjá hluta þríeykisins sem við Tumi og Rúfus myndum þá stundum við mikil samskipti. Rúfus er t.a.m gríðarlega *skraflreifinn* hundur og lætur óspart vita ef honum vanhagar um eitthvað. Þetta gerir hann ýmist með hljóðum eða líkamstjáningu og auðveldar þetta samskipti okkar gífurlega. Einnig á ég mikil samskipti við annað fólk vegna hundanna. Þetta lýsir sér t.d. þannig að í gönguferðum dást ókunnugir vegfarendur oft að hundunum og vilja að fá að klappa þeim. Við það hefjast stundum langar

⁴⁶ Tiffany Fields, *Touch*, (London: The MIT Press, 2001), formáli x.

⁴⁷ Fields, 10.

⁴⁸ Fields, 31.

samræður milli mín og manneskju sem ég hefði annars gengið framhjá. Það er ekki af ástæðulausu að hundar eru taldir yfirburða hjálparhellur fyrir fólk sem glímir við andlega sjúkdóma eins og félagskvíða svo að dæmi sé nefnt. Æ fleiri njóta hjálpar hunda sem merktir eru sem „emotional support“ eða tilfinningalegur stuðningur. Býsna margar rannsóknir hafa verið gerðar á gæludýrahaldi og ávinningi þess fyrir eigendur dýranna og aðra sem umgangast þau. Öllu minna er um rannsóknir þar sem hagur dýranna er hafður í fyrirrúmi og því er óhætt að segja að rannsóknir á sambandi manna við gæludýr séu að miklu leyti gerðar með mannmiðuð sjónarmið að leiðarljósi.

Lokaorð

Í þessari ritgerð hef ég reifað ýmis siðferðisleg álitamál varðandi gæludýraeign manna. Í upphafi út frá almennri dýrasiðfræði og síðar hef ég þrengt umfjöllunina niður í gæludýrasiðfræði. Hvort sem um er að ræða nytjahyggjusjónarmið Peter Singer, kantískt viðmót Gary L. Francione eða femíníska umhyggjusiðfræði þá er augljósasta vandamál dýrasiðfræðinnar sá mannhverfi hugsunarháttur sem er allsráðandi í samskiptum manna við dýr. Jafnvel við þau dýr sem standa okkur næst, gælu- og selskapsdýrin.

Gæludýr búa alla jafna á heimilum fólks vegna þess að fólk þá ákvað það og hafa gæludýr þróast með mönnum í gegnum aldirnar. Menn hafa breytt hundum og hundategundum með alls konar kynbótum eftir eigin hentisemi í margar aldir og flutt þá heimshorna á milli þrátt fyrir að hundarnir una sér auglýsilega betur í aðstæðum síns heimalands. Réttmæti ræktunar selskapsdýra, hvort sem um er að ræða verksmiðjuframleiðslu eða ekki, er álitamál meðal siðfræðinga. Þar spilar ábyrgð hugsanlegra verðandi gæludýraeigenda inn í, en það breytir miklu hvort þessir aðilar komi til með að kaupi selskapsdýr eða „ættleiði“ það. Viðskiptin í kringum hundaræktun er ámælisverð, sér í lagi ef litið er til þeirra aðferða sem viðgangast meðal hundaræktenda. Gæludýraeigendur bera jafnframt ríkulega skyldu gagnvart gæludýrinu sínu og það er mikilvægt að þeir átti sig á skuldbindingunni sem fylgir því. Velferð lifandi tilfinningaveru er í höndum allra þeirra sem taka sér það verkefni á hendur að gerast gæludýraeigendur. Miklir kostir fylgja því að eiga selskapsdýr, andlegur og heilsufarslegur ávinningur þess fyrir menn hefur sýnt sig í fjöldamörgum rannsóknum en ekki er jafn mikið til af rannsóknum um ávinning þessa sambands fyrir gæludýrin. Menn virðast oft sækja í gæludýr til að fullnægja bældum tilfinningalegum þörfum. Því mætti segja að algengt sé að gæludýr séu álitin *tól* eigenda sinna eða jafnvel, samkvæmt hörðustu dýraverndunarsinum, þrælar.

Augu manna eru sífellt að opnast fyrir mikilvægi þess að standa vörð um náttúru jarðar. Vissulega sjá menn þetta að miklu leyti vegna þess að ávinningur mannsins á bættri umhverfisvernd er óumdeilanlegur. Þetta á jafnt við um

umhverfisvernd og dýravernd, en vegna sérstaks sambands manna og gæludýra virðast þessi tilteknu dýr hafa verið sett á ákveðinn stall sem nær ekki til dýra af öðrum toga. Álitamál er hvort þetta sérstaka samband sé gott fyrir gæludýrin eða slæmt, en vissulega er ýmislegt sem gæludýraeigendur geta gert til að gera líf „besta vinar“ síns sem best út frá þeirri vitneskju sem við höfum um þarfir, hæfni, færni og langanir viðkomandi dýra.

Heimildir

- Andreozzi, Matteo. „Humans Best Friend? The Ethical Dilemma of Pets“. *Relations Beyond Anthropocentrism*. Mílanó: Tribunale di Milano Vol. 1, no. 2 (Nóv 2013) 23-35.
- Calcagno, Antonio. „Building a Meaningful Social World Between Human and Companion Animals Through Empathy“. *Pets and People: The Ethics of our Relationship with Companion Animals*. Ritstj. Overall, Christine. New York: Oxford University Press, 2017, 35 - 48.
- „Cruelty and Dog Fashions“. *The British Medical Journal*. Vol. 1, nr. 1832, 8. Febrúar 1896: 356 – 357.
- Dagný Hulda Erlendsdóttir. „Matvælastofnun lokar hundaræktun að Dalsmynni“. Vefur Ríkisútvarpsins, birt 17. apríl 2018, <http://www.ruv.is/frett/matvaelastofnun-lokar-hundaraektun-ad-dalsmynni> (skoðað 3. apríl 2019)
- Davidson, Donald. „Rational Animals“. *Dialectica*. Berkeley: Wiley, 1982: 317 – 327.
- Fields, Tiffany. *Touch*. London: The MIT Press, 2001.
- Francione, Gary L. „The Case Against Pets“. *Aeon vefrit*. Birt 8. September 2016. <https://aeon.co/essays/why-keeping-a-pet-is-fundamentally-unethical> (skoðað 4. Maí 2019)
- Guðfinna Kristinsdóttir. „Matvælastofnun birtir sannleikann um Dalsmynni“. Vefur hundasamfélagsins, birt 23. apríl 2018. <https://www.hundasamfelagid.is/matvaelastofnun-birtir-sannleikann-um-dalsmynni/> (skoðað 3. apríl 2019)
- Haraway, Donna. *The Companion Species Manifesto: Dogs, People and Significant Otherness*. Chicago: Prickly Paradigm Press, 2003
- Irigaray, Luce. *An Ethics on Sexual Difference*. Þýðendur Burke, Carolyn og Gill, Gillian C. New York: Cornell University Press, 1984/1993.
- Lin, Doris. „Is Pet Ownership Ethical?“. Vefsíða *ThoughtCo*. Birt 10. September 2018. <https://www.thoughtco.com/arguments-for-and-against-keeping-pets-127752> (skoðað 4. maí 2019)
- Palmer, C. „Does Breeding a Bulldog Harm it? Breeding, Ethics and Harm to Animals“. *Animal Welfare*. 21 (2012): 157-166.
- Rulli, Tina. „For dog’s sake, adopt!“ . *Pets and People: The Ethics of our Relationship with Companion Animals*. Ritstj. Overall, Christine. New York: Oxford University Press, 2017, 172-186.
- Singer, Peter. *Animal Liberation: A New Ethics for our Treatment of Animals*. New York: Random House, 1975.

Vefsíða Bromberg hundaræktunarinnar í Þýskalandi: <https://www.retromopszucht-vom-bromberg.com/> (skoðað 10. apríl 2019)

„Five Freedoms“. Vefsíða Farm Animal Welfare Council (FAWC) <https://webarchive.nationalarchives.gov.uk/20121010012427/http://www.fawc.org.uk/freedoms.htm> (skoðað 10. apríl 2019)

Myndir

Mynd 1 - <https://www.quora.com/Do-original-bred-dogs-still-exist-before-heavy-selective-breeding-occured-Like-pugs-for-example-are-there-any-left-with-longer-snouts>

Mynd 2 - <https://www.europuppy.com/blog/can-ear-cropping-and-tail-docking-of-dogs-be-compared-to-breast-implants-in-humans/>